

# ÁRSSKÝRSLA

**2017**

**NÝSKÖPUNARSJÓÐUR  
ATVINNULÍFSINS**



LL :  $800 \text{ m}^2 \Rightarrow 1000 \text{ m}^2$

BL :  $4000 \text{ m}^2$  (f. stakkun)

$\Rightarrow 6000 \text{ m}^3$  (?)


# Efnisyfirlit


Ávarp stjórnarformanns.....	7
Ávarp framkvæmdastjóra.....	8
Stjórn Nýsköpunarsjóðs.....	11
Starfsmenn.....	13
Eignarhlutar í félögum.....	15


## Ársreikningur

Áritun stjórnar.....	19
Áritun óháðra endurskoðenda.....	20
Rekstrarreikningur.....	22
Efnahagsreikningur.....	23
Sjóðstreymisyfirlit.....	24
Skýringar.....	25

# VIÐBURÐIR 2017







# Ávarp stjórnarformanns



## Almar Guðmundsson

Stjórnarformaður

Nýsköpun er oft böðuð ákveðnum dýrðarljóma. Og það er ekkert skrytið. Viðfangsefnin eru spennandi og markmiðin iðulega háleit um að bæta lífsgæði eða nota nýja tækni til að leysa viðfangsefni á skilvirkari hátt. En lífsbaráttan í nýsköpun getur verið ansi hörð og leiðin til árangurs markast oft af getunni til að bregðast við nýjum aðstæðum og laga stefnuna að nýjum upplýsingum. Það má segja að þetta síðastnefnda hafi markað mjög allt starf hjá Nýsköpunarsjóði undanfarin misseri. Sjóðurinn hefur í raun verið í naflaskoðun og gengið í gegnum miklar breytingar.

Starfsárið 2017 markaði tímamót hjá Nýsköpunarsjóði að því leyti að nýtt teymi tók við keflinu. Það er einstaklega ánægjulegt að þessar breytingar eru afstaðnar og ekki verður annað séð en að sjóðurinn standi vel hvað varðar starfsmannahald. Á sama tíma fór mikil vinna í að endurskoða afstöðu til eigna í eignasafni sjóðsins enda í sumum tilvikum um að ræða eignarhluti sem hafa verið í eigu sjóðsins of lengi. Á árinu fór einnig fram töluverð vinna í kringum fjárfestingar Nýsköpunarsjóðs í öðrum sjóðum en þar ber hæst að nefna Frumtak 1 en þar á Nýsköpunarsjóður mikilla hagsmuna að gæta. Það var gleðilegt á árinu 2017 að stærsta sala sjóðsins til þessa var framkvæmd þegar sjóðurinn seldi hlutabréf sín í Greenqloud. Árið 2018 fer líka vel af stað hvað varðar sölu á eignarhlutum. Um starfsemina að öðru leyti vísa ég til skýrslu framkvæmdastjóra.

Ég gerði það að umtalsefni á sama vettvangi fyrir ári síðan að tímabært væri að endurskoða umgjörð sjóðsins og færa ýmis atriði í umgjörð hans í betra horf. Það var því fagnaðarefni að ráðherra nýsköpunarmála stofnaði starfshóp sem fékk það hlutverk að gera tillögur um úrbætur í umhverfi og umgjörð sjóðsins. Ég var skipaður í þennan hóp fyrir hönd Nýsköpunarsjóðs. Vinna hópsins tók meiri tíma en ætlað var sem skýrðist annars vegar af óvæntum kosningum og ríkisstjórnarskiptum en einnig af því að hópurinn ákvað að fjalla um nýsköpunarumhverfið með víðtækari hætti en að horfa eingöngu til Nýsköpunarsjóðs. Hópurinn hefur nú skilað af sér tillögum sem annars vegar hverfast um nýsköpunarumhverfið á Íslandi til lengri tíma litið og hvernig Nýsköpunarsjóður og sambærilegir aðilar geta

nýst til að markmið um hugvitsdrifnara samfélag nái fram að ganga. Hinn hluti tillagnanna voru hugmyndir um úrbætur í rekstri sjóðsins til skemmri tíma litið þannig að honum sé gert kleift að gegna hlutverki sínu en ekki síður að tryggja að það sé virkt fjármagnsinnstreymi til nýsköpunarfyrirtækja á næstu misserum. Ég er ekki í vafa um að ráðherra nýsköpunarmála og þingheimur munu horfa til þeirra tillagna og framtíðarsýnar um nýsköpunarumhverfið sem koma fram í niðurstöðum hópsins. Ég er heldur ekki í vafa um að sú sýn ráðherrans að vinna í fimm mismunandi starfshópum að mótun heildstæðrar nýsköpunarstefnu fyrir Ísland nái fram að ganga. Ég er hins vegar í meiri vafa um að þau skammtímaúrræði sem starfshópurinn gerir tillögu um muni njóta áheyrnar. Þar eru á ferðinni mikilvæg úrræði fyrir Nýsköpunarsjóð og fyrir nýsköpunarumhverfið á næstu árum. Ég skora á nýsköpunarráðherra að hrinda þessum hugmyndum í framkvæmd sem allra fyrst.

Ég get ekki rætt um vinnu starfshópsins án þess að nefna að birting niðurstaðna hópsins dróst mjög úr hófi. Þann 1. mars sl. hafði hópurinn lokið störfum og skýrsla hópsins var tilbúin. Samt sem áður hafa líðið næstum þrjú mánuðir þar til skýrsla hópsins er loksins birt. Í millitíðinni sat skýrslan föst í stjórnsýslunni, einhvers staðar á milli ráðuneyta. Þetta vinnulag er stjórnsýslunni ekki til framdráttar, hverju sem um er að kenna.

Ég yfirgef nú stjórn Nýsköpunarsjóðs eftir þriggja ára starf sem stjórnarformaður. Eins og að framan greinir hefur mikil vinna verið fólgin í breytingum og aðlögunum á starfi sjóðsins. Ég er stoltur af því hvernig tekist hefur til, þótt því verði ekki neitað að nokkuð hefur blásið á móti hvað varðar ávöxtun eigna sjóðsins undanfarin misseri. Ég er sannfærður um að það standi til bóta og tel að sú markvissa vinna sem verið hefur í gangi innan sjóðsins og á vettvangi áðurnefnds starfshóps geri sjóðnum kleift að skila góðu starfi á næstu árum.

Ég vil færa starfsfólki sjóðsins þakki fyrir þeirra frábæra framlag til sjóðsins. Á það jafnt við um starfsmenn sem nýlega hafa hafið störf sem og þá sem horfið hafa til annarra starfa. Ég vil sérstaklega þakka Huld Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra, fyrir kraft og áræðni í hennar störfum. Okkar samstarf hefur verið farsælt. Ég færi jafnframt samstarfsfólki mínu í stjórn bestu þakki fyrir gott og heilt samstarf.

# Ávarp framkvæmdastjóra



Hulda Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri

## Vegferðin

Árið 2017 var viðburðarríkt hjá Nýsköpunarsjóði en sjóðurinn fagnaði 20 ára afmæli á árinu. Á þessum 20 árum hafa miklar breytingar átt sér stað í nýsköpunarumhverfinu, atvinnulífinu og innviðum sjóðsins. Nýsköpunarsjóður hefur á þessum tíma staðið þétt við bakið á nýsköpun á Íslandi og fjárfest í yfir 150 fyrirtækjum með góðum árangri. Sjóðurinn hefur staðið af sér netbólunrun og bankahrun og er sígrænn sjóður sem hefur nýtt upphaflegt fjármagn í 20 ár. Á leiðinni hefur verið bætt í sjóðinn en það fjármagn var nýtt sérstaklega í stofnun samlagssjóða sem Nýsköpunarsjóður hefur verið hluthafi í. Miðað við eðli og starfsemi fjárfestingarsjóða hefur vegferð fyrirtækja og sjóða hjá Nýsköpunarsjóði verið eins misjöfn og þau hafa verið mörg. Rúmlega 20 fyrirtæki í eignarsafni Nýsköpunarsjóðs hafa borið hitann og þungann af ávöxtun sjóðsins.

Árið 2017 var sérstakt fyrir margar sakir. Upp úr stendur að stærsta sala sjóðsins frá stofnun átti sér stað á árinu, þegar hugbúnaðarfyrirtækið Greencloud var selt til Netapp í Bandaríkjunum. Öll umgjörð vegferðar Greencloud er gott dæmi um leiðina sem flest sprotafyrirtæki myndu og ættu að vilja fara og er góð fyrirmynd um ferli þar sem allir þættir ná að spila rétt saman.

Á árinu urðu töluverðar hreyfingar á eignasafni sjóðsins en auk sölu á Greencloud voru félögin Fjölbendir og Gangverð seld. Þá endurreisti sjóðurinn starfsemi Azazo undir nafninu Gagnavarslan. Þá var fjárfest í viðbótareignarhlutum í Mentis Cura, Oxymap, Mint Solutions, Dohop og Völku. Nýsköpunarsjóður er hluthafi í framtakssjóðnum Auði, sem seldi hlut sinn í Ölgerðinni á árinu. Hluti af starfsemi Nýsköpunarsjóðs er að veita lán til félaga í eignasafni sjóðsins. Umtalsverðar hreyfingar urðu á lánasafni sjóðsins á árinu, svo sem greiðslum, veitingu nýrra lána og breytingum lána í hlutafé.

Eignasafn Nýsköpunarsjóðs er víðamikil og samanstóð á árinu af 31 fyrirtæki og þremur sjóðum. Fyrirtækin eru fjölbreytt og starfa í mismunandi geirum. Áberandi er hvað fjöldi félaga í eignasafni Nýsköpunarsjóðs er mikill. Fjöldi fyrirtækja er í raun svipaður og hjá Vækstfonden, sem er sambærilegur sjóður í eigu danska ríkisins. Það sem einnig er sérstakt við félög í eignasafni Nýsköpunarsjóðs er

hversu mörg þeirra starfa í heilsu- og líftækni og eiga rætur sínar að rekja til rannsóknar- og háskólaumhverfis. Slík fyrirtæki þurfa gjarnan lengri tíma og þolinmæði en önnur félög og hefur Nýsköpunarsjóður verið staðfastur fjárfestir þeirra í gegnum árin. Það er trú okkar að mörg þessara félaga eigi eftir að dafna vel í geira sem mun stækka verulega á komandi árum og verða enn mikilvægari fyrir almennt heilsufar þjóða sem eru að eldast hratt.

Í mörgum heilsu- og líftækniyrirtækjum hefur aðkoma Nýsköpunarsjóðs verið sérlega mikilvæg þar sem fáir sjóðir fjárfesta í fyrirtækjum sem eru á rannsóknarstigi háskólaumhverfis. Sjóðurinn hefur, með þekkingu sinni og reynslu, veitt aðstoð við yfirfærslu af rannsóknarstigi yfir á viðskiptastig og frá háskóla- og styrkjaumhverfi yfir í stöðugan fyrirtækjarekstur.

Á árinu hófst verkefnið Nordic „Scale-up“ undir stjórn Nordic Innovation og er Nýsköpunarsjóður hluti af ráðgjafateymi verkefnisins. Tilgangur verkefnisins er að skoða leiðir til að aðstoða félög við að komast yfir þröskuld tiltekinna stærðar, hvort sem er í markaðshlutdeild eða veltu og hagnaði. Öll Norðurlöndin eiga fulltrúa frá opinberum aðilum í verkefninu en auk þess eru fulltrúar frá sprotafyrirtækjum sem og Nasdaq Nordic. Á árinu 2017 var fyrsta hluta verkefnisins hleypt af stokkunum og sóttu mörg íslensk fyrirtæki um þátttöku. Að lokum var eitt íslenskt fyrirtæki, OZ ehf., valið í hópinn.

Auk Nordic „Scale-up“ verkefnisins tók Nýsköpunarsjóður þátt í fjölmörgum verkefnum á árinu, s.s. Nýsköpunarþingi, Nordic Venture Network í Stokkhólmi, Reykjavík Startup Guide, Slush í Finnlandi, Start-up Iceland ráðstefnunni, Gulleggjuni, auk heimsóknar og viðræðna við Vækstfonden í Danmörku og Industrifonden í Svíþjóð.

Árlega berast sjóðnum töluverður fjöldi fyrirspurna og það er áhugavert að sjá hvaða áhrif salan á Greencloud hafði á þann fjölda. Árið 2016 og á fyrri hluta ársins 2017 fækkaði fyrirspurnum mjög frá fyrri árum. Eftir að salan á Greencloud var tilkynnt fjölgaði fyrirspurnum þó töluvert og jukust þær jafnt og þétt frá hausti. Að mati starfsmanna Nýsköpunarsjóðs er mikil gróska í sprotaumhverfinu á Íslandi og ánægjulegt að sjá hversu margar og fjölbreyttar fyrirspurnir sjóðurinn fær. Það er von okkar að við höldum áfram að sjá þessa ánægjulegu þróun og að fleiri aðilar fái tækifæri til að efla enn frekar nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi hér á landi.



## Afkoma og eignasafn

Töluverðar breytingar urðu á rekstri sjóðsins á árinu 2017 og munar þar mest um breytingar á rekstrargjöldum en einnig rekstrartekjum. Rekstrargjöld sjóðsins lækkuðu um 4% milli ára en launakostnaður hækkaði um 13%. Um er að ræða einskiptiskostnað vegna starfsloka fyrrum starfsmanna. Almennur rekstrarkostnaður lækkar á milli ára og munar þar helst um endurgreiðslu af vörðisaukaskatti af sérfræðipjónustu.

Á árinu 2017 nam tap af rekstri sjóðsins 595 milljónum króna. Það skýrist af auknu framlagi í afskriftarreiðning fjárfestingarverkefna sem er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir eignarhlutum, útlánnum og fjárfestingum og því er um varúðarráðstöfun að ræða. Helsta ástæða fyrir hærrí varúðarfærslu en fyrri ár er vegna reksturs samlagssjóða. Einnig voru þrjú félög endanlega afskrifuð úr bókum sjóðsins á árinu.

Fjárfestingarhreyfingar voru þó nokkrar á árinu og seldir eignarhlutir í félögum nam 692 milljónum króna og greitt var úr samlagssjóðum fyrir 79 milljónir króna. Fjárfest var í eignarhlutum í félögum fyrir samtals 97 milljónir króna en þar af var lánnum breytt í hlutafé fyrir 31 milljón króna. Ný útlán voru veitt fyrir tæpar 78 milljónir króna. Ekki var fjárfest í nýjum fyrirtækjum á árinu 2017.

## Starfsmenn

Miklar breytingar urðu starfsmannahópi sjóðsins en nýr starfshópur tók við rekstri Nýsköpunarsjóðs árið 2017. Undirrituð hóf störf sem framkvæmdastjóri í maí, nýr fjármálastjóri, Friðrik Friðriksson, hóf störf í júní og tveir nýir fjárfestingastjórar, Örn Viðar Skúlason og Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, voru ráðin á seinni hluta ársins.

Starfsmönnum og stjórn Nýsköpunarsjóðs er þakkað fyrir vel unnin störf og þeim starfsmönnum sem létu af störfum er sérstaklega þakkað fyrir framlag þeirra til sjóðsins.





# Stjórn nýsköpunarsjóðs



## Almar Guðmundsson

Stjórnarformaður

Almar er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá London Business School. Almar er framkvæmdastjóri Krítar fjármögnunarlausna, sem er nýtt fyrirtæki sem sérhæfir sig í veltu- og birgðafjármögnun fyrir fyrirtæki. Hann hefur einnig á undanförunum árum fengist við kennslu við Háskólann í Reykjavík. Hann starfaði áður sem framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins og Félags atvinnurekenda. Almar hefur komið að stjórnarstörfum á ýmsum sviðum og má þar nefna bæjarstjórn Garðabæjar, Skeljung hf., Vottun ehf. og knattspyrnudeild Stjórnunnar. Árin 1997 til 2008 starfaði Almar við ýmis stjórnunarstörf innan Íslandsbanka.



## Ásta Þórarinsdóttir

Ásta er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og er með MS-gráðu í Investment Management frá City University í London. Hún er framkvæmdastjóri Evu hf. og annar af stofnendum þess. Þá er hún einnig í stjórn dótturfélaga Evu, Sinnum ehf. og Heilsumiðstöðvarinnar ehf. Eva hf. var stofnað árið 2007, Sinnum árið 2008 og Heilsumiðstöðin 2014. Fyrirtækin starfa á velferðarsviði og í ferðaþjónustu m.a. við heimaþjónustu og rekstur sjúkrahótels. Ásta hefur setið í mörgum stjórnnum og nefndum bæði á einkamarkaði og hjá hinu opinbera s.s. Fjármálaeftirlitinu, Jöklum – verðbréfum, Gangverði ehf., ISB Holding, LÍN og Yfirfasteignamatsnefnd. Áður en Ásta hóf störf hjá eigin fyrirtæki starfaði hún m.a. hjá Thule Investments og Fjármálaeftirlitinu.



## Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir

Sigrún Lilja er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og með CandMerc gráðu frá Viðskiptaháskóla Árósa. Sigrún Lilja er framkvæmdastjóri Alþjóðasviðs Viðskiptaráðs Íslands þar sem 13 millilíndaráð eiga heimilisfesti. Áður hefur Sigrún starfað sem framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins og var meðal stofnenda listahópsins Á vit... Hún hefur starfað sem framkvæmdastjóri Leikhúsmógúlsins, Miðborgar Reykjavíkur og Frönsku menningarhátíðarinnar Pourquoi Pas? – Franskt vor á Íslandi. Í um 10 ár starfaði Sigrún Lilja sem forstöðumaður Upplýsingasviðs Útflutningsráðs Íslands. Sigrún Lilja er formaður Leiklistarráðs og launasjóðar sviðslistafólks og situr í stjórn Átaks til atvinnusköpunar. Sigrún Lilja hefur setið í stjórn Tækniþróunarsjóðs, verið formaður Fagráðs um siglingamál sem og Atvinnu- og tækniþróunarnefndar Garðabæjar.



## Sigrún Helga Lund

Sigrún Helga Lund er stærðfræðingur með doktorsgráðu í tölfraði frá Háskóla Íslands. Hún er dósent í líftölfraði við læknadeild Háskóla Íslands og tölfraðingur hjá Íslenskri Erfðagreiningu. Sigrún hefur veitt margvíslegum íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum tölfraðiráðgjöf. Má þar nefna Kerecis, Analytica, Oculis, Lipid og Risk. Sigrún er meðhöfundur að tveimur kennslubókum í tölfraði á háskólastigi og yfir 50 vísindagreinum í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum.



## Kristján Þórður Snæbjarnarson

Kristján er formaður Rafiðnaðarsambands Íslands og hefur verið formaður þess frá árinu 2011 og hefur auk þess setið í miðstjórn Alþýðusambands Íslands frá 2012. Hann er framkvæmdastjóri eignarhaldsfélagsins 200 þúsund naglbíta ehf. og hefur setið í ýmsum stjórnnum og nefndum á vegum RSÍ og ASÍ. Kristján lauk sveinsprófi í rafeindavirkjun árið 2002. Kristján lauk námi frá Háskólanum í Reykjavík í rafiðnfræði árið 2008 og bætti síðan við sig menntun í rekstrariðnfræði árið 2010 frá sama skóla.



# Starfsmenn



## Huld Magnúsdóttir

*Framkvæmdastjóri*

Huld sem var ráðin framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs vorið 2017 er reyndur stjórnandi með fjölbreytta starfsreynslu úr einkageiranum og hjá hinu opinbera. Hún starfaði sem forstjóri Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda og sjónskerta frá 2009 til 2017. Þá var hún settur forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins 2015-2016. Á árabílinu 1993-2008 starfaði Huld hjá hátæknifyrirtækinu Össuri hér á landi og erlendis við ýmis stjórnunarstörf, meðal annars sem framkvæmdastjóri yfir framleiðslu og dreifingu fyrir Norður-Ameríku, viðskiptastjóri, kynningarstjóri og gæðastjóri. Meðfram störfum sínum hjá Össuri var Huld verkefnastjóri í Bosníu-Herzegóvínu í þróunarverkefni í samvinnu við utanríkisráðuneytið 1995-2003. Huld lærði ensku við Háskóla Íslands, er með BA gráðu í alþjóðlegum samskiptum frá University of Sussex í Bretlandi, MIB í alþjóðaviðskiptum frá Háskólanum á Bifröst og diplóma á meistarastigi í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands. Huld situr í stjórnnum Frumtaks, Mentor, Menn og mys, Stika, Florealis, eTactica og Icelandic Startups.



## Friðrik Friðriksson

*Fjármálastjóri*

Friðrik hefur fjölbreyttan starfsferil og lengst af starfað við framkvæmdastjórn í fyrirtækjum, m.a. IBM á Íslandi, Skrifstofuvélum Sund og Skjánnum ehf. Friðrik hefur einnig unnið við endurskipulagningu fyrirtækja, samruna og sölu þeirra ásamt almennri rekstrarráðgjöf. Þá hefur Friðrik einnig setið í ýmsum stjórnnum, meðal annars sem stjórnarformaður CCP hf. og stjórnarformaður MATÍS ohf. Hann var auk þess stjórnarformaður AVS sjóðsins. Friðrik skrifaði nýlega úttektarskýrslu um Vaðlaheiðargöngin, fyrir Viðskipta og efnahagsráðuneytið og tók í kjölfarið sæti stjórnarformanns í Vaðlaheiðargöngum hf. Friðrik hefur lokið viðskiptafræðiprófi Cand Oecon frá Háskóla Íslands, MA prófi í hagfræði frá Virginia Tech og MBA prófi frá sama háskóla. Friðrik situr í stjórnnum Sólfars og Nordic Visual ásamt því að tengiliður sjóðsins við AGR, Mentis Cura, Expeda og Auði. Auk þess hefur Friðrik setið í stjórnnum Azazo og Gagnavörslunnar.



## Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir

*Fjárfestingarstjóri*

Ólöf Vigdís hefur fjölbreytta reynslu af nýsköpunarumhverfi sprotafyrirtækja en hún starfaði árin 2012-2018 sem lögfræðingur og sérfræðingur Hugverkanefndar Háskóla Íslands og Landspítala í hugverkarétti auk þess að starfa sem framkvæmdastjóri Tæknigarðs og Tæknipróunar. Hjá Háskóla Íslands vann Ólöf að hagnýtingu nýsköpunarverkefna, samningum, sjóðasókn auk þess að koma að stofnun og vinna með sprotafyrirtækjum skólans. Ólöf starfaði í átta ár hjá Einkaleyfastofnunni þar sem hún gegndi ýmsum störfum m.a. lögfræði- og stjórnunarstörfum. Þar á undan starfaði Ólöf hjá Lyfjaþróun ehf. í tvö ár þar sem hún hafði umsjón með samningum og einkaleyfum fyrirtækisins. Ólöf útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands árið 2001, öðlaðist héraðsdómsslögmansréttindi 2004, lauk námi í markaðsfræðum og alþjóðaviðskiptum 2006 og er að ljúka MS námi í verkefnisstjórnun frá Háskóla Íslands. Ólöf situr í stjórnnum Mint Solutions, Lifeindar, Akthelia, Oxympa, 3Z og Auris ásamt því að vera tengiliður sjóðsins við Genís.



## Örn Viðar Skúlason

*Fjárfestingarstjóri*

Örn Viðar hefur víðtæka reynslu af stjórnun og rekstri fyrirtækja. Hann var framkvæmdastjóri markaðssviðs og aðstoðarforstjóri SÍF samstæðunnar á árunum 2000 – 2004 og leiddi m.a. stefnumótun og skipulagsmál. Þá sat hann stjórnnum nokkurra dótturfyrirtækja SÍF erlendis. Hann var síðan framkvæmdastjóri innlendrar starfsemi SÍF, hjá Iceland Seafood frá 2004 – 2005. Frá árinu 2005 til 2008 var Örn Viðar forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar og fjárfestinga hjá SPRON, en deildin hafði með almenn kaup og sölu fyrirtækja að gera og stýrði stóru fasteignaverkefni í Berlín. Á sama tíma sat Örn í stjórnnum nokkurra dótturfyrirtækja SPRON. Frá 2008 til 2017 var Örn framkvæmdastjóri Proact heildverslunar. Örn Viðar lauk prófi í Hagverkfræði frá Tækniháskólanum í Berlín og meistaraprófi í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík. Örn situr í stjórnnum Auris, Kaptio og Cooori ásamt því að vera tengiliður sjóðsins við Gangverk, Dohop, OZ, Atmo og Admit.



POTABLE WATER

# Eignarhlutar í félögum

3Z ehf	30,7%
Admit ehf.	30,0%
AGR Aðgerðargreining ehf.	4,7%
Akthelia ehf.	22,8%
AMP ehf.	43,3%
Atmo Select ehf.	11,9%
Auris ehf.	19,8%
Azazo ehf.	17,2%
Cooori ehf.	25,8%
Dohop ehf.	9,4%
eTactica ehf.	24,2%
Expeda ehf.	22,6%
Fjölblendir ehf.	13,1%
Gagnavarslan ehf.	100,0%
Gangverk ehf.	*
Gangverð ehf.	27,5%
Genís ehf.	9,6%
Geogreen ehf.	20,0%
Greencloud ehf.	14,5%
Icelandic Startups ehf.	18,7%
Kaptio ehf.	14,5%
Lífeind ehf.	71,5%
Menn og mýs ehf.	27,4%
Mentis Cura ehf.	11,7%
Mentor ehf.	12,1%
Mint Solutions ehf.	7,9%
Norrænar myndir ehf.	42,5%
Oxymap ehf.	35,9%
OZ ehf.	1,2%
Sólfar Studios ehf.	13,1%
Stiki ehf.	41,5%
Valka ehf.	18,8%
*lán með kauprétti	



V804A

ON

OFF



# Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

## Ársreikningur 2017



## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

### Rekstur ársins 2017

Á árinu 2017 nam tap af rekstri sjóðsins 595,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok árs nam 4.093 millj. kr. að meðtöldu stofnfé að fjárhæð 4.822 millj. kr. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárraikningum á árinu.

Sérstök varúðarniðurfærsla skýrir afkomu samlagssjóða en færslan er til komin vegna samnings um Frumtak slhf. Samningurinn var gerður árið 2007 og gerir ráð fyrir því að aðrir hluthafar en Nýsköpunarsjóður fá fyrst greiddan út sinn höfuðstól við slit Frumtaks, áður en Nýsköpunarsjóður fær greitt. Það er mat okkar að eðlilegt sé að færa sérstaka varúðarniðurfærslu í rekstri ársins í ljósi þessara skilmála. Áætlað er að í samráði við aðra hluthafa Frumtaks slhf. verði rekstrartímabil Frumtaks slhf. framlengt.

Á árinu 2017 voru að jafnaði 6,5 stöðugildi hjá Nýsköpunarsjóði.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.

### Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á árinu 2017, efnahag sjóðsins 31. desember 2017 og breytingu á eigin fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. maí 2018

Stjórn

  
  
Sigrún Helga Lund

Kristín Þórunn Snoborgsson  
  
Framkvæmdastjóri



# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eiganda í Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

## Áritun um endurskoðun ársreiknings

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2017, efnahag hans 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að vika frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 7. maí 2018

**Endurskoðendapjónustan ehf**



Sveinn R. Reynisson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017		2016
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>				
Afkoma af eignarhlutum í félögum .....		146.826	(	229.414)
Afkoma af samlagssjóðum .....	(	509.728)	(	141.767)
Niðurfærsla eignahlutatengdra lána .....	(	115.002)	(	36.175)
Vaxtatekjur og gengismunur .....	11	30.772		33.553
<b>Samtals</b>		<u>( 447.132)</u>	(	<u>373.803)</u>
 <b>Rekstrartekjur og rekstrargjöld</b>				
Aðrar rekstrartekjur .....		3.336		2.400
Laun og launatengd gjöld .....	12	( 113.558)	(	101.467)
Annar rekstrarkostnaður .....	13	( 18.054)	(	51.690)
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingarverkefni .....		( 20.430)	(	4.298)
<b>Samtals</b>		<u>( 148.706)</u>	(	<u>155.055)</u>
 <b>Tap ársins</b> .....		<u>( 595.838)</u>	(	<u>528.858)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
<b>Eignir</b>			
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	15	2.186.425	2.650.636
Samlagssjóðir og samlagshlutafélög .....	16	748.417	1.330.069
Útlán .....	17	181.776	208.645
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	14	0	2.420
Aðrar skammtímakröfur .....	19	62.040	62.806
Markaðsverðbréf, fjárvarsla .....	20	315.049	318.135
Handbært fé .....		632.193	153.466
<b>Eignir samtals</b>		<u>4.125.900</u>	<u>4.726.177</u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		4.821.767	4.821.767
Annað eigið fé .....		( 729.155)	( 133.317)
<b>Eigið fé samtals</b>	21	<u>4.092.612</u>	<u>4.688.450</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuldir vegna verkefna .....		0	15.650
Aðrar skammtímaskuldir .....		33.288	22.077
<b>Skuldir samtals</b>		<u>33.288</u>	<u>37.727</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>4.125.900</u>	<u>4.726.177</u>

## Sjóðstreymisýfirlit árið 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tap ársins .....	21 (	595.838)	( 528.858)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		447.132	373.803
Afskriftir .....	14	2.420	326
Veltufé til rekstrar	(	146.286)	( 154.729)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum .....	(	63.673)	19.706
Handbært fé fyrir vexti	(	209.959)	( 135.023)
Innheimtar vaxtatekjur .....		27.269	5.337
Handbært fé til rekstrar	(	182.690)	( 129.686)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Ný útlán .....	(	77.995)	( 95.975)
Fjárfesting í samlagssjóðum .....	(	7.407)	( 14.815)
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum .....	(	58.160)	( 42.434)
Seldir eignarhlutir í öðrum félögum .....		692.188	66.895
Útborgað úr samlagssjóðum .....		79.332	25.026
Fjárvarsla markaðsverðbréfa, breyting .....		3.086	107.038
Afborganir útlána .....		30.373	42.062
Fjárfestingahreyfingar		661.417	87.797
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b> .....		478.727	( 41.889)
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		153.466	195.355
<b>Handbært fé í lok árs</b> .....		632.193	153.466



# Skýringar

---

## 1. Félagið

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán og ábyrgðir.

## 2. Grundvöllur reikningskila

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að því undanskyldu að markaðsverðbréf sem skráð eru á virkum markaði eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru birtar í þúsundum.

Framsetning rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og sjóðstreymis var breytt á árinu. Stjórnendur telja að núverandi framsetning veiti lesanda gleggri mynd af afkomu og fjárhagslegri stöðu sjóðsins. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Breytingarnar hafa engin áhrif á afkomu eða fjárhagsstöðu sjóðsins og eru reikningsskilareglur þær sömu og á fyrra ári.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru í stöðugri enduskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Erlendir gjaldmiðlar

Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 5. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## 6. Skattamál

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti.

## 7. Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

## Skýringar, frh.:

### 8. Fjáreignir

Eignarhlutir í öðrum félögum, fjárfesting í samlagssjóðum og útlán sem ætlunin er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði. Ef gangvirði fjáreigna er lægra en kostnaðarverð er færð gangvirðislækkun á eignina þannig að bókfært verð sé ekki hærra en gangvirði.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsvirði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### 9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

### 10. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### 11. Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum

Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum greinist þannig:

	2017	2016
Vaxtatekjur af útlánum .....	17.200	42.650
Vaxtatekjur og gengismunur af bankainnstæðum .....	( 1.476)	( 12.568)
Tekjur af vörslusjóðum .....	15.048	3.471
Samtals .....	<u>30.772</u>	<u>33.553</u>

### 12. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2017	2016
Laun .....	89.318	77.362
Lífeyrissjóður .....	17.759	11.808
Önnur launatengd gjöld .....	6.481	12.297
	<u>113.558</u>	<u>101.467</u>
Stöðugildi að meðaltali yfir árið .....	6,5	7

Hækkun launakostnaðar á milli ára skýrist af starfslokum nokkurra starfsmanna á árinu 2017.

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra eru sem hér segir:

	2017	2016
Laun framkvæmdastjóra (þrjár á árinu 2017)* .....	21.006	13.473
Laun stjórnar .....	4.432	4.633
	<u>25.438</u>	<u>18.106</u>

\* Hækkun launakostnaðar vegna framkvæmdastjóra á milli ára skýrist af starfslokum fyrri framkvæmdastjóra svo og starfandi framkvæmdastjóra fyrstu þrjú mánuði ársins.

## Skýringar, frh.:

### 13. Annar rekstrarkostnaður

Veruleg lækkun rekstrarkostnaðar á milli ára skýrist í aðalatriðum af því að á árinu 2017 sjóðurinn endurgreiddan virðisaukaskatt nokkur ár aftur í tímann af aðkeyptri sérfræðipjónustu.

### 14. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	<b>Innréttingar og tæki</b>
Kostnaðarverð 1.1.2017 .....	8.770
Kostnaðarverð 31.12.2017 .....	8.770
Afskrifað 1.1.2017 .....	6.350
Afskrift ársins .....	2.420
Afskrifað 31.12.2017 .....	8.770
Bókfært verð 1.1.2017 .....	2.420
Bókfært verð 31.12.2017 .....	0
Afskriftahlutfall .....	20 - 33%

### 15. Eignarhlutir í öðrum félögum

Breytingar á árinu greinist þannig:

	<b>2017</b>	<b>2016</b>
Eignarhlutir í upphafi árs .....	2.650.636	2.756.809
Fjárfest í nýjum eignarhlutum .....	81.150	202.913
Bókfært verð seldra eignarhluta .....	( 509.174)	( 57.957)
Endanlega afskrifaðir eignarhlutir .....	( 175.622)	( 249.499)
Niðurfærsla eignarhluta .....	139.435	( 1.630)
Eignarhlutir í lok árs .....	2.186.425	2.650.636

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði eða gangvirði reynist það lægra í samræmi við 40. gr. og 70. gr. laga um ársreikninga þar sem þeirra er aflað eingöngu í þeim tilgangi að endurselja þá.

## Skýringar, frh.:

### 15. Eignarhlutir í öðrum félögum, frh.:

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

Félag	Eignar- hluti	Félag	Eignar- hluti
3Z ehf. ....	30,7%	Icelandic Startups ehf. ....	18,7%
Admit ehf. ....	30,0%	Kaptio ehf. ....	14,5%
AGR - Aðgerðargreining ehf. ....	4,7%	Lifeind ehf. ....	71,5%
Akthelia ehf. ....	22,8%	Menn og mýs ehf. ....	26,8%
Atmo Select ehf. ....	11,9%	Mentis Cura AS ....	11,7%
Auris ehf. ....	19,8%	Mentor ehf. ....	12,1%
Gagnavarslan ehf. ....	100,0%	Mint solutions ehf. ....	7,9%
Cooori ehf. ....	25,8%	Norrænar myndir ehf. ....	42,5%
Dohop ehf. ....	9,4%	Oxymap ehf. ....	35,9%
eTactica ehf. ....	24,2%	OZ ehf. ....	1,2%
Expeda ehf. ....	22,6%	Sólfar Studios ehf. ....	13,1%
Genis ehf. ....	9,6%	Stiki ehf. ....	41,5%
Geogreen ehf. ....	20,0%	Valka ehf. ....	18,8%
Gangverk ehf.* ....			

\*Sjóðurinn á skuldabréf með breytirétti í hlutafé í Gangverki ehf.

Framangreind félög eru í eigu sjóðsins í árslok 2017.

### 16. Samlagssjóðir og samlagshlutafélög

Breytingar á árinu greinist þannig:

	2017	2016
Samlagssjóðir í upphafi árs .....	1.330.069	1.482.047
Fjárfesting í samlagssjóðum .....	7.407	14.815
Útborganir samlagssjóða .....	( 79.331)	( 25.026)
Niðurfærsla samlagssjóða .....	( 509.728)	( 141.767)
Samlagssjóðir í lok árs .....	748.417	1.330.069
	<b>Hlutdeild</b>	<b>Bókfært verð</b>
Frumtak slhf.* .....	37,0%	
AUÐUR I .....	4,7%	
Brú II .....	4,3%	
Kostnaðarverð í árslok .....		748.417

Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur sjóðsins minna en 50%.

\* Hlutafjáreign Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í Frumtaki slhf. er víkjandi fyrir hlutafjáreign annarra hluthafa í félaginu þannig að áður en Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins á rétt á að fá útborgað við slit á Frumtaki slhf. eiga aðrir hluthafar rétt á að fá hlutafé sitt greitt að fullu áður. Ábyrgð sjóðsins vegna þessa er þó að hámarki 1.300 millj. kr. Tekið hefur verið tillit til þessa við mat á niðurfærsluþörf á eignarhlutum.

## Skýringar, frh.:

### 17. Útlán

Útlán greinast þannig:

	2017	2016
Útlán í upphafi .....	208.645	320.233
Ný útlán .....	77.995	22.361
Millifært af kröfum .....	60.000	0
Afborganir útlána .....	( 30.373)	7.806
Útlánum breytt í hlutafé .....	( 31.570)	( 125.148)
Áfallnir vextir, breyting .....	12.081	19.568
Niðurfærsla útlána, breyting .....	( 115.002)	( 36.175)
Útlán í lok árs .....	<u>181.776</u>	<u>208.645</u>

Útlán sem ætlað er að eiga fram á gjaldaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### 18. Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna

Breytingar á árinu greinist þannig:

	2017	2016
Afskriftarreikningur í upphafi árs .....	1.132.781	953.209
Framlag í afskriftarreikning .....	800.469	432.659
Endanlega töpuð fjárfestingaverkefni .....	( 446.123)	( 253.087)
Afskriftarreikningur í lok árs .....	<u>1.487.127</u>	<u>1.132.781</u>

Afskriftarsjóður fjárfestingaverkefna greinist þannig:

Afskriftarreikningur eignarhluta .....	651.500	744.313
Afskriftarreikningur útlána .....	57.054	119.622
Afskriftarreikningur samlagssjóða og samlagshlutafélaga .....	778.573	268.846
	<u>1.487.127</u>	<u>1.132.781</u>

Fjáreignir eru færðar niður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir eignarhlutum, útlánum og fjárfestingum í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum. Lagt er í afskriftarreikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni en aldrei er virði eigna fært á hærra verði en kaupverði.

## Skýringar, frh.:

### 19. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Kröfur vegna seldra eignarhluta .....	32.297	1.150
Aðrar kröfur .....	29.743	61.656
Aðrar kröfur samtals í lok árs .....	62.040	62.806

### 20. Markaðsverðbréf, fjárvarsla

Markaðsverðbréf, fjárvarsla greinist þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Fjárvarsla í erlendri mynt .....	13.384	13.840
Fjárvarsla í íslenskum krónum .....	301.665	304.295
Aðrar kröfur samtals í lok árs .....	315.049	318.135

### 21. Eigið fé

Innborgað stofnfé sjóðsins er samtals 4.822 millj. kr. Samkv. 7. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að eigið fé sjóðsins skuli að lágmarki vera 3.000 millj. kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við vísitölu neyðsluverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé sjóðsins nam 4.093 millj. kr. í lok árs 2017 og til samanburðar er lágmarksfjárhæð sú sem sett er fram í lögum og vitnað er til hér að ofan 4.906 millj. kr.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2017 .....	4.821.767	( 133.317)	4.688.450
Tap ársins .....		( 595.838)	( 595.838)
Eigið fé 31.12.2017 .....	4.821.767	( 729.155)	4.092.612

Eigið fé skiptist með eftirfarandi hætti á milli deilda:

	31.12.2017	31.12.2016
Stofnsjóður .....	4.082.024	4.677.862
Tryggingadeild útflutnings .....	10.588	10.588
	4.092.612	4.688.450

## Skýringar, frh.:

---

### 22. Tengdir aðilar

#### a. Skilgreining tengdra aðila

Eigandi, stjórnarmenn, stjórnendur og félög og stofnanir í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar sjóðsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Ekki eru sérstaklega tilgreind viðskipti við íslenska ríkið eða félög og stofnanir í þess eigu.

#### b. Viðskipti við tengda aðila

Í rekstrarreikningi eru eftirtalinn viðskipti við tengda aðila:

	2017	2016
Þátttaka annarra sjóða í húsnæðiskostnaði .....	6.493	6.050

### 23. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Nýsköpunarsjóður atvinnulífssins er í ábyrgð fyrir einu bankaláni samtals að fjárhæð 8 milljónir króna í lok árs 2017.

Tryggingardeild útflutnings hefur veitt ábyrgð til þriðja aðila en hefur verið óvirk um árábil. Á reikningsskiladegi var ein ábyrgð óuppgerð en ábyrgðir Tryggingadeildar útflutnings eru baktryggðar af Ríkisábyrgðarsjóði sem mun þá taka á sig kostnað sem kann að falla á Tryggingardeild útflutnings.

### 24. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi hinn 7. maí 2018.

